



Ársskýrsla 2025

Erpur Snær Hansen

16. apríl 2025



EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	3
HLUTVERK	3
STJÓRN	3
FJÁRMÖGNUN	3
STARFMENN	4
Samtök Náttúrustofa	5
HELSTU VERKEFNI	5
STOFNVÖKTUN LUNDA	5
Efnavöktun	5
WGICE vinnuhópur ICES	5
Sérfræðiráðgjöf um Íslenska sjófugla	6
Fuglamerkingar	6
Vetrarfuglatalningar	7
SAMSTARFSVERKEFNI	8
Háskólasamstarf við Pólland	8
Örveruflóra lunda - Baton Rouge háskóli Louisiana BNA	8
Pysjueftirlitið	9
STOFNVÖKTUN FÝLINGJA Í VESTMANNAEYJUM	9
SEATRACK verkefnið	13
Vetrarstöðvar lunda & fýlingja	14
ARCTOX VERKEFNIÐ OG ÞUNGMÁLMAMÆINGAR	15
FRÆÐSLA	16
ÚTGÁFUUFIRLIT	16
HEIMLDIR	17



© Richard Lewis

INNGANGUR

Náttúrustofa Suðurlands var stofnuð í nóvember 1996 og varð þrítug árið 2025. Stofan er til húsa í Þekkingarsetri Vestmannaeyja á Ægisdötu 2, 2h, skrifstofa nr. 17. Eldri ársskýrslur má nálgast á heimasíðu stofunnar: www.nattsud.is/arsskyrslur

Hlutverk

Náttúrustofa Suðurlands starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (lög nr. 60/1992 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1992060.html>) og reglugerð um Náttúrustofu Suðurlands nr. 643/1995: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/643-1995>. Frá stofnun hefur Vestmannaeyjabær verið eina sveitarfélagið sem kemur að rekstri stofunnar. Helstu hlutverk Náttúrustofu Suðurlands eru samkvæmt lögum:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufer og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í viðkomandi landshluta,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál,
- c. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga

Stjórn

Í stjórn Náttúrustofunnar eru þrír aðalmenn og þrír til vara. Stjórn er að jafnaði skipuð til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum sem voru vorið 2022. Stjórn skipa Örn Óskarsson formaður, Viktor Ragnarsson og Ragnheiður Sveinþórsdóttir sem aðalmenn en varamenn eru Pétur Steingrímsson og Svanhildur Guðlaugsdóttir. Fundargerðir stjórnar Náttúrustofu er að finna á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar: <https://www.vestmannaeyjar.is/stjornsysla/stjorn/fundargerdir/fundargerdir-stjorn-natturustofu-sudurlands>

Fjármögnun

Grundvöllur reksturs Náttúrustofu Suðurlands byggist á framlögum frá ríkissjóði (70%) og Vestmannaeyjabæ (30%) en til viðbótar hefur verið sótt í styrkfé til sértækra verkefna og tækjakaupa og einnig ráðist í verktakaverkefni. Hækkun grunnframlags Náttúrustofu árin 2020-2025 hefur reynst mikil lyftistöng fyrir starfsemina og gert

kleyft að ráðast í átaksverkefni eins og úttekt á næturfýlingjum (sæsvölum og skrofu). Þessi hækkun var felld niður af nýrri ríkisstjórn 2026.

Vöktun lundastofnsins hefur verið fjármögnuð af „veiðikortasjóði“ auk vinnuframlags frá Náttúrustofunni og er stærsti hluti kjarnastarfsemi stofunnar. Stofan hélt áfram þátttöku í rannsóknáttakinu „vöktun lykilþátta Íslenskrar náttúru“ og réð til þess tvo sumarstarfsmenn.

Ársreikningur 2025 verður birtur í sjálfstæðu skjali á www.nattsud.is

Starfsmenn

Dr. Erpur S. Hansen, líffræðingur var ráðinn sem sérfræðingur í júní 2007, settur forstöðumaður í mars 2018, og ráðinn forstöðumaður 2. Apríl 2019. Helstu viðfangsefni hans eru sjófuglarannsóknir, sérstaklega á lunda, sæsvölum og skrofu. Átta starfsmenn voru ráðnir tímabundið árið 2025, líffræðingarnir Stephen Hurling, Monica M. Beckford og Nina da Rocha unnu að rannsóknnum á vistfræði fýlingja í Vestmannaeyjum. Millian Cavalier, Susanne Hoogsteen, Teresa Cerdá, voru ráðin til vettvangsvinnu og úrvinnslu í stofnvöktun lunda. Margrét Lilja Magnúsdóttir líffræðingur og Baldvin Búi Wernersson tölvufræðingur voru verkefnaráðin til vöktunar lykilþátta Íslenskrar náttúru á Suðurlandi.

Fjöldi fólks aðstoðaði okkur við rannsóknir og hljóta bestu þakkir fyrir, sérstakar þakkir fá eftirtaldir sjálfboðaliðar: Björg Harðardóttir, Jeanne Bastien og William Harrison, og Xavier Menez. Einnig er Richard Lewis þakkaðar myndir.

Bæjarpysjumerkingar og mælingar voru byggðar á samvinnu við: Ágústu Ósk Tórshamar, Sandra Sif Hammer, Sunna Mjöll Tórshamar Georgsdóttir, SeaLife Trust og Þekkingarsetur Vestmannaeyja.

Samtök Náttúrustofa

Allar átta náttúrustofurnar eru aðilar að Samtökum náttúrustofa (SNS) sem voru stofnuð árið 2002 (www.sns.is). Árlega er haldin ársfundur, en opið þing er haldið annað hvert ár og er næsta þing fyrirhugað haustið 2026.

HELSTU VERKEFNI

Hér á eftir er fjallað um helstu verkefni Náttúrustofu Suðurlands árið 2025, tekið skal fram að umfjöllunin er ekki tæmandi. Einnig er vísað til Facebook-síðu Náttúrustofunnar: <https://www.facebook.com/nattsud/> og heimasíðu stofunnar: www.nattsud.is.


Stofnvöktun lunda

Stofnvöktun lunda umhverfis Ísland hefur verið fjármögnuð að hluta af veiðikortasjóði ásamt Náttúrustofu Suðurlands síðan 2010. Farnar eru tvær rannsóknarferðir umhverfis landið í byrjun júní, og aftur um miðjan júlí og 13 eða fleiri lundavörp heimsótt. Meginmarkmið stofnvöktunarinnar er mæling líftölu og viðkomu til útreiknings árlegs stofnvaxtar, auk annarra mælinga s.s. fæðusamsetningu. Einnig eru gerðar tilfallandi viðbótarrannsóknir s.s. um sýkingatíðni lunda af Lyme sjúkdómi. Fjallað er um niðurstöður stofnvöktunarinnar í árlegum skýrslum til Umhverfisstofnunar og má finna þær á vefsíðu Náttúrustofu Suðurlands: <https://nattsud.is/midlun/skyrslur/> en einnig með fyrirlestri á vegum Umhverfisverndarstofnunar frá 5. Desember 2025: [Lundavöktun 2025 | Videos & Movies on Vimeo](#)

Efnavöktun

Vikuleg efnavöktun er í Stórhöfða samkvæmt samningi við Veðurstofuna frá árinu 2014, en fylgst með ýmsum flokkum eiturefna í lofti og úrkomu á vegum fjölmargra stofnana víða um heim. Auk þess er ein af heimsmælistöðvum fyrir CO₂ styrk og fleiri gróðurhúsagasa á vegum NOAA Global Monitoring Laboratory, Earth system Research Laboratories í Stórhöfða <https://gml.noaa.gov/dv/site/index.php?stacode=ICE>. Efnavöktun á DMS (e: Di-Methyl-Sulfide) fyrir Heimskauta-rannsóknastofnun Suður Kóreu í samstarfi við Háskóla Íslands hófst einnig árið 2014.

WGICE/ICES. „Working Group on the integrated ecosystem assessments of the Icelandic waters.“ Þessi þverfaglegi starfshópur (Work Group Iceland) innan alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) var stofnsettur 2024, og vinnur að samantekt upplýsinga um lífríki í sjó á Íslandsmiðum, þar með talið sjófugla [WGICE](#)



Styrkur CO₂ í Stórhöfða, en þessi NOAA mælistöð fór fyrst yfir 400 ppm árið 2012.

Sérfræðiráðgjöf um Íslenska sjóflugla

Erpur Snær Hansen hefur verið fulltrúi Íslands í vinnuhóp sjófluglasérfræðinga HELCOM/OSPAR/ICES Joint Bird Work Group síðan 2020 <https://www.ices.dk/community/groups/Pages/jwgbird.aspx>. Tekið var saman yfirlit stærðar íslenskra sjófluglastofna auk viðkomumælinga í gagngrunn hópsins. Einnig hefur verið unnin sérfræðivinna við ýmiskonar samstarfsverkefni.

Fuglamerkingar

Merkingar árið 2025 voru með svipuðu sniði og síðustu ár, mest lundar, en einnig sæsvölur og fýlar. Endurheimtur hafa verið með betra móti seinni ár, og spila þar saman auknar heimtur á litmerktum lundum í Hafnarhólma á Borgarfirði Eystra, sem og gott úthald og heimtur í fýlingjamerkingum í Elliðaey. Líftala friðaðra lunda í Hafnarhólma liggur fyrir (0,87). Unnið er að útreikningum líftala sæsvalna í Elliðaey innan Seaghost verkefnisins.



HX6 á flugi með fisklirfur í Stórhöfða Heimaey 2022, ljósmynd Harry Read.

Vetrarfuglatalningar

Starfsmenn stofunnar hafa tekið þátt í vetrarfuglatalningum sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skipulagt um allt land frá árinu 1952.

SAMSTARFSVERKEFNI

Háskólasamstarf við Pólland

Undirritaður var samstarfssamningur 5. maí 2018 um:

(1) Mæling á styrk þungmálma í lundasaur. Safnað var 20 saursýnum í 12 rannsóknabyggðunum árin 2018 og 2019. Efnagreiningum og úrvinnslu er lokið, útgáfa tveggja ritrýndra greina er fyrirhuguð 2026.

(2) Erfðarannsókn á fæðu sjófugla, með DNA greiningum í saur frá mörgum lunda byggðum umhverfis landið og einnig sjósvölu, stormsvölu og skrofu í Elliðaey, Vestmannaeyjum. Greiningum lýkur vorið 2026.

(4) Vírusar í Íslenskum sjófuglum, fuglaflensa og fleiri vírusar. Gagnasöfnun lokið 2021. Engir sýktir fuglar fundust en um helmingur langvía hafði mótefni gegn venjulegri fuglaflensu. M.S. verkefni Teresa M. Dembinska við háskólann á Hólum.

(5) Arfgerð sjófuglamítla (lundalúsa) í 13 lundabyggðum umhverfis Ísland. M.S. Verkefni Nathan Parisse við háskólasetur Vestfjarða. Leiðbeinandi Erpur S. Hansen. Aðgreining arfgerða sjófuglamítla milli byggða, eða skortur þar á, endurspeglar fyrst og fremst hve mikill flutningur er á fuglum milli byggða. Einsleitir arfgerðir sýna fram á talsverðan flutning milli byggða, en aðgreindar arfgerðir lítinn.

Örveruflóra lunda - Baton Rouge háskóli Louisiana BNA

Saursýnasöfnun árin 2018 og 2019 voru nýtt sem framlag til alþjóðlegs rannsóknaverkefnis á örveruþarmaflóru (E: microbiome) lunda, umsjónarmaður var Prof. Gary King. og lauk með samantekt í meistara ritgerð Eric Jose Ramon Martinez árið 2022: *Analysis of geographic variability of fecal microbiomes of Fratercula arctica and cross-comparison of fecal microbiomes of different avian feeding types.* https://repository.lsu.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=6681&context=gradschool_theses

Pysjueftirlitið

Starfsfólk Náttúrustofunnar hefur tekið þátt í Pysjueftirlitinu með merkingum og mælingum á bæjarpysjum frá 2015 eftir að fjöldi þeirra fór vaxandi, en pysjur hafa verið merktar kerfisbundið árlega í Vestmannaeyjum frá árinu 1937 (með hléi 1942-52). Unnið var úr þessum gögnum veturinn 2023-24 þar sem miklar breytingar á tímasetningu lundavarps í Eyjum eru til sérstakar rannsóknar í samhengi við breytingar á tímasetningu þörungablóma og annarra umhverfispátta á Selvogsbanka.

STOFNVÖKTUN NÆTURSJÓFUGLA Í VESTMANNAEYJUM

Í Vestmannaeyjum verpa allar fjórar tegundir fýlingja (Procellariiformes) sem verpa hérlendis. Fýll flokkast sem alþjóðleg ábyrgðartegund þar sem stór hluti heimsstofns fýls verpur hérlendis [1]. Svo til allur varpstofn sjósvölu, stormsvölu og allur varpstofn skrofu hérlendis verpa í Vestmannaeyjum [2]. Sjósvala var sett á alþjóðlegan válista IUCN árið 2016 vegna fækkunar undanfarna áratugi, en allar fjórar tegundirnar eru á


Válista fugla (Náttúrufræðistofnun Íslands 2025) m.a. vegna takmarkaðrar útbreiðslu og fremur líttilla stofna hérlendis. Útbreiðsla þessara tegunda er þekkt hérlendis, en að fýl undanskyldum [1, 3] var stofnstærð hinna tegundanna ekki vel þekkt á Íslandi. Lýðfræðileg þekking (líftölur og viðkoma) á öllum tegundunum hérlendis var næstum engin, sem og þekking á fæðumiðum og fæðu þeirra. Náttúrustofa Suðurlands hóf vöktun árið 2017 á þessum tegundum, og jafnframt að vinna úr tiltækum upplýsingum og afla nýrra.

Grettistak hefur verið unnið í doktorsverkefni Stephens Hurlings við Landbúnaðarháskóla Íslands sem fjallar um vistfræði og verndun þessara tegunda og hófst vettvangsvinna árið 2021 og var haldið áfram til 2025. Settir voru dægurritar (GLS) og GPS á sjósvölu, og stormsvölu og skrofu. Dægurritarnir kortlögðu áður óþekktar vetrarstöðvar Íslenskra stormsvala sem reyndust vera við strendur Suður Afríku. Sjá einnig „SEATRACK“ verkefnið. Sett verða GPS tæki á fýla árið 2026 og þannig síðustu fýlingjategundinni hérlendis bætt við samanburð á fæðu, fæðuöflunarháttum og kortlagningu fars og vetrarstöðva. Rannís hefur styrkt verkefnið með doktorsnemastyrk, verkefnisstyrk og nýsköpunarsjóðsstyrkjum, sem og Rannsóknasjóður Suðurlands.

Stofnúttækt á sjósvölu í Elliðaey 2018 sýndi 40-49% fækkun frá 1991 [4]. Árið 2020 var komið á formlegu samstarfi við Environment & Climate Change Canada um úrvinnslu líftala úr merkingagögnum og kortlagningu farháttá. Árið 2020 var hafin þátttaka í samantekt á ferðum stormsvala með notkun hefðbundinna merkinga í alþjóðlegu verkefni sem leitt er af Ingrid Pollet. Árið 2021 var hafið var samstarf um samanburðrannsókn á erfðafræði og líkamsfræði auk hljóða stormsvala undir stjórn Federico De Pascalis. Þessar sæsvölurannsóknir verða fléttaðar saman í stærri landfræðilega samanburði innan Seaghosts verkefnisins, en stofan er þátttakandi í alþjóðlegu Biodiversa+ verkefni sem var styrkt af Evrópusambandinu 2023-2026 og nefnist SEAGOASTS (<https://www.biodiversa.eu/2024/04/15/seaghosts/>). Þetta verkefni hittir vel á tímasetningu rannsóknaráttaks okkar, og verða flestar rannsóknaniðurstöður því settar í stórt landfræðilegt samhengi, byltingarkennd þekkingaraukning mun verða á lifnaðarháttum þessara sérstæðu fugla með þessu verkefni.




Sjósvala með ásettan dægurríta í Hábarði Elliðaey 2019.



Ferðir sjósvala yfir árið, til og frá Elliðaey, Vestmannaeyjum 2019-2022. Litir samsvara ferðaferlum einstaklinga. Staðsetningum nálægt jafndægnum er sleppt vegna ónákvæmni staðsetninga á þeim tímabilum.

Einnig voru sett GPS tæki á allar þrjár tegundirnar 2022-25 í fyrsta sinn hérlandis til að kortleggja fæðumið þeirra á varptíma. Sömuleiðis voru tekin lífsýni til DNA greininga á fæðu (E: DNA barcoding) og eiga niðurstöður að liggja fyrir vorið 2026. Lokið var stofnmælingu með endurspilun í öllum stærri eyjum Vestmannaeyja fyrir sjósvölu og skrofu 2022. Einnig hafa verið teknar upp hljóðupptökur, auk margra annarra mælinga og sýnatöku ætlaðra til samanburðarrannsókna.



Fæðuöflunarferðir varpfugla sjósvölu (bláar línur), stormsvölu (bleikar línur) og skrofu (gular línur) samkvæmt GPS ferlum, til og frá varpstöðvum í Elliðaey, Vestmannaeyjum árið 2022. Greinileg aðgreining á fæðuöflunarsvæðum tegundanna hefur komið fram (sjá: <http://dx.doi.org/10.13140/RG.2.2.11618.13762>) og endurspeglar að öllum líkindum mismunandi fæðutegundir.

Stormsvölur halda sig á uppstreymissvæðum yfir landsgrunnsbrúninni og Reykjanes hrygg, á landgrunninu (Selvogsbanka) og í standstraumnum, líkleg fæða er

ljósátutegundirnar augnsíli (*Thysanoessa raaschi*) og náttlampi (*Meganyctiphanes norvegicus*), og mögulega sporðkríli (*T. Longicauda*) á Reykjanes hrygg. Sjósvala aflar fæðu að mestu utan landgrunns en nýta líka landgrunnsbrúnina, ísalaxsíld (*Benthoshema glaciale*), gulldepla (*Maurolicus muelleri*) og náttlampi eru algeng fæða. Skrofa fylgir strönd Reykjanes í Garðssjó, fæða er ókunn en líklega sandsíli að einhverju leyti. Allar þrjár tegundirnar sýndu nokkrar óvenju víðförlar fæðuöflunarferðir og er rannsókn hafin á hvort þessar ferðir tengist ferlum djúpra lægða og frumframleiðniaukningar í kjölfari þeirra (sjá: https://www.youtube.com/watch?v=LtgFLcTkR9k&t=1003s&ab_channel=TheSeabirdGroup).

SEATRACK verkefnið

Náttúrustofa Suðurlands hefur verið þátttakandi í alþjóðlega samstarfsverkefninu SEATRACK um kortlagningu vetrarstöðva sjófugla síðan árið 2014. Þetta verkefni er samstarfsverkefni milli 69 rannsóknaaðila frá 52 stofnunum í 14 löndum. Niðurstöður má skoða í gagnvirkri kortavefsjá fyrir 15 tegundir sjófugla: <https://seatrack.net/> [5]. Sjósvala var ný viðfangstegund frá og með 2023 og styrkir verkefnið þá kortlagningu stofunnar með 20 tækjum árlega.




Lundi með dægurrita í Papey

Vetrarstöðvar lunda & fýlingja

Starfsfólk Náttúrustofu Suðurlands hefur sett dægurrita á lunda síðan 2013 í fimm byggðum: Grímsey, Papey, Heimaey, og Hafnarhólma í Borgarfirði Eystra, Vestmannaeyjum var bætt við 2019 [19]. Frá 2014 hefur þetta verkefni verið innan vébanda alþjóðlegs samstarfs í SEATRACK verkefninu (<https://seatrack.net/>) sem Norðmenn fjármagna og stjórna. 20 ritar hafa verið settir á árlega á varpfugla lunda í Papey og Grímsey. Frá 2019 hafa verið settir 20-25 ritar á lunda í Elliðaey/Stórhöfða í Vestmannaeyjum auk 20 rita á sjósvölu sem er ný viðfangstegund verkefnisins.

Dægurritar skrá daglega tíma og daglengd og þarf að ná fuglunum aftur til að hlaða niður gögnunum. Með þessum upplýsingum er hægt að staðsetja fuglana daglega með um 180 km nákvæmni utan jafndægra. Landfræðilegt umfang verkefnisins var stækkað í vestur árið 2020 með þátttöku Kanada, Grænlands og Írlands og inniheldur nú allt norðanvert N-Atlantshaf og er stærsta samstarfsverkefni af þessu tagi á heimsvísu. Niðurstöður úr þessu verkefni hafa leitt til nýrrar þekkingar

eins og tilvist „heits sjófuglareits (E: *hot spot*)“ innan kaldtempraða hvirfilsins (E: *Sub-polar gyre*) þar sem yfir fimm milljón sjófuglar eiga sér vetrarstöðvar, og leiddi til verndunar að hluta innan OSPAR sáttmálans <https://conbio.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/conl.12824>



Niðurstöður kortlagningar vetrarstöðva lunda með dægurrítum [6]. Svartir ferningar sýna byggðir þar sem dægurrítar voru settir á. Græna útlínan sýnir útbreiðslumörk Írskra lunda. Ljósblá svæði sýna meðal útbreiðslu hafíss [7].

ARCTOX verkefnið

Safnað hefur verið lífsýnum úr endurheimtum lundum með dægurrítum til greininga á kvikasilfri o.fl. í alþjóðlegu samstarfsverkefni tengdu SEATRACK undir stjórn Jerome Fort við La Rochelle háskóla, Frakklandi, og kom út yfirlitsgrein árið 2022[8]. Meistararitgerð Rojo Méline (2022)[9] fjallar um kvikasilfur í íslenskum lundum sem hækkar með breiddargráðu. Sjá einnig „Burger ofl. (2025) útgáfuyfirlit.

FRÆDSLÁ

3. Desember 2025. *Stofnvöktun lunda*. Yfirlits- og kynningarerindi fyrir stjórn Veiðikortasjóðs og starfsfólk nýrrar Náttúruverndarstofnunar. Samantekt upplýsinga fyrir veiðistjórnunaráætlun fyrir lunda.

5. Desember 2025. *Kynning vöktunarskýrslna. Lundi 2025*. Upptaka gerð af Náttúruverndarstofnun: [Lundavöktun 2025 | Videos & Movies on Vimeo](#)

ÚTGÁFUÝFIRLIT

Fjórar ritrýndar greinar voru gefnar út árið 2025:

VanCompernelle *et al.* Vulnerability of marine megafauna to global at-sea anthropogenic threats. *Conservation Biology* **e70147**. <https://doi.org/10.1111/cobi.70147>

Killeen, *et al.* Ecosystems mediate climate impacts on northern hemisphere seabirds. *Communications Earth & Environment* **6**, 804 <https://doi.org/10.1038/s43247-025-02717-z>

Burger, J., E.S. Hansen, K. Ng, & M. Gochfeld. Element levels in feathers of Atlantic puffins (*Fratercula arctica*) in Iceland: Establishing background levels in an Arctic migratory species. *Toxics* **13**(2): 103-129 <https://doi.org/10.3390/toxics13020103>

Mikula *et al.* Prevalence of eye colobomas in wild birds: insights from a large-scale citizen science study. *Journal of Vertebrate Biology* **74**(24117): 1-10. <http://dx.doi.org/10.25225/jvb.24117>

Skýrsla um stofnvöktun lunda 2025 kom út 1. Apríl 2026: <https://nattsud.is/wp-content/uploads/2026/04/2025-Stofnvoktun-lunda-1.April-v2.pdf>

HEIMILDIR

1. Garðarsson, A., G.A. Guðmundsson, and K. Lilliendahl, *Svartfugl í Íslenskum fuglabjörgum 2006-2008*. Bliki, 2019. **33**(1): p. 15-46.
2. Hilmarsson, J.Ó., *Fuglalíf Vestmannaeyja*, in *Vestmannaeyjar*, G.Á. Eyjólfsson, Editor. 2009, Ferðafélag Íslands: Reykjavík. p. 28-51.
3. Garðarsson, A., G.A. Guðmundsson, and K. Lilliendahl, *Fýlabyggðir fyrr og nú*. Bliki, 2011. **31**: p. 1-10.
4. Deakin, Z., et al., *Decline of Leach's Storm-petrels *Hydrobates leucorhous* at the largest colonies in the northeast Atlantic*. *Seabird*, 2022. **33**: p. 74-106.
5. Hansen, E.S., *Lundarannsóknir 2015. Vöktun viðkomu, fæðu, líftala & könnun varpstöðva. Skýrsla til Veiðikortasjóðs, október*. 2015, Náttúrustofa Suðurlands: Vestmannaeyjar. p. 24.
6. Fayet, A.L., et al., *Ocean-wide drivers of migration strategies and their influence on population breeding performance in a declining seabird*. *Current Biology*, 2017. **27**: p. 3871-3878.
7. Fayet, A.L., et al., *Ocean-wide drivers of migration strategies and their influence on population breeding performance in a declining seabird*. *Current Biology*, 2017. **27**(24): p. 3871-3878. e3.
8. Chastel, O., et al., *Mercury contamination and potential health risks to Arctic seabirds and shorebirds*. *Science of the Total Environment*, 2022. **20:844:156944**.
9. Mélyne, R., *Contamination par le mercure des oiseaux marins arctiques*. 2022, Le Mans Université.



www.nattsud.is
NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS
Ægisgötu 2
900 Vestmannaeyjum
GSM: 6927885
Netfang: nattsud@nattsud.is
